

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/277****2022/EES/10/61****frá 16. desember 2020****um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 um þrávirk lífræn mengunarefni að því er varðar pentaklórófenól og sölt þess og estera (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 frá 20. júní 2019 um þrávirk, lífræn mengunarefni ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 15. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (ESB) 2019/1021 er skuldbindingum Sambandsins samkvæmt Stokkhólmssamningnum um þrávirk lífræn efni ⁽²⁾ og samkvæmt bókuninni við samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa frá 1979 um þrávirk lífræn mengunarefni ⁽³⁾ komið í framkvæmd.
- 2) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1021 er framleiðsla, setning á markað og notkun efna sem eru skráð í I. viðauka við þá reglugerð bönnuð, hvort sem þau eru ein sér, í blöndum eða í hlutum, með fyrirvara um 4. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Pentaklórófenól og sölt þess og esterar eru skráð í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 án viðmiðunarmarkna fyrir óviljandi snefilaðskotaefni.
- 4) Í 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1021 er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir til að breyta gildandi færslum í I. viðauka til að laga þær að vísinda- og tækniframförum.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur ákvarðað tilvist pentaklórófenóls og salta þess og estera sem óhreinindi í nokkrum hlutum, þ.m.t. innfluttum textílefnum og endurheimtum viðarflísu til framleiðslu á viðarþiljum.
- 6) Til að leyfa áframhaldandi endurvinnslu á viðarflísu og til að auðvelda framfylgd ætti að fastsetja mörk fyrir óviljandi snefilaðskotaefni sem nemur 5 mg/kg (0,0005% miðað við þyngd) fyrir pentaklórófenól og sölt þess og estera.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1021 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 62, 23.2.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 372/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 45.

(2) Stjttð. ESB L 209, 31.7.2006, bls. 3.

(3) Stjttð. ESB L 81, 19.3.2004, bls. 37.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1021 er í fjórða dálki („Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir“) í færslu fyrir pentaklórofenól, sölta þess og estera eftirfarandi texta bætt við:

„Að því er varðar þessa færslu skal b-liður 1. mgr. 4. gr. gilda um styrk pentaklórofenóls og salta þess og estera sem nemur 5 mg/kg (0,0005% miðað við þyngd) eða minna þegar þau koma fyrir í efnunum, blöndum eða hlutum.“
